

1122. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 14. janúar 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins: Viðar Ingason, hagfræðingur VR

Dagskrá:

1. Fundargerð 1121. stjórnarfundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1121. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk sagði frá stöðunni. Fundur var í kjaranefnd VR sl. mánudag þar sem farið var yfir málið og Viðar Ingason hagfræðingur flutti fræðsluerindi. Einnig er nú í gangi viðhorfskönnun meðal félagsmanna um áherslur í komandi kjaraviðræðum. Er það svipuð könnun og gerð var síðast svo góður samanburður ætti að fást.

Fundað var og með SA nýlega þar sem Elías Magnússon sviðsstjóri fór yfir kröfugerð VR.

Þá er fyrirhugaður fundur í trúnaðarráði félagsins í lok mánaðar þar sem stillt verður upp lista stjórnar og trúnaðarráðs í komandi listakosningu í félaginu og auk þess tókum við þar fyrir lagabreytingatillögur frá laganefnd VR sem leggja þarf fyrir aðalfund. Þessu til viðbótar þarf á fundinum að fara yfir reglugerðarbreytingar á reglum sjúkrasjóðs sem þarf líka að leggja fyrir aðalfund.

Nokkur óvissa er um framhald kjaraviðræðna. Við skoðuðum læknasamninginn í morgun þar sem enn er nokkur óvissa um heildarkostnað.

Næst fór Ólafía Björk yfir bráðabirgðaniðurstöður sem komnar eru úr könnuninni sem áður er getið og sem enn er í gangi. Mikill munur er á niðurstöðum frá því síðast m.a. vilja nú 49% beinar launahækkanir og 44% vilja tryggja og auka kaupmátt.

Þetta er í þeim anda sem við höfum heyrt frá félagsmönnum undanfarið. Lokaniðurstöður úr könnuninni ættu að liggja fyrir eftir helgi.

Þá næst gaf Ólafía Björk orðið frjálst en þó þannig að farin var röðin og allir fundarmenn tjáðu sig um sín viðhorf til stöðunar í kjaramálum.

Umræður.

Gestur fundarins, Viðar Ingason hagfræðingur VR, fór nú yfir á skjávarpa hugleiðingar um það sem kallast „launadrifinn hagvöxtur“ og sem hann hafði áður kynnt á fundi kjaranefndar VR þann 12. 01 sl.

Í máli hans kom m.a. fram að erlendis sé þetta að fá meiri hljómgrunn en útgangspunkturinn er að laun þurfi að hækka svo staðnað hagkerfi taki við sér. Hækkanir launa valdi aukinni eftirspurn með aukinni neyslu. Aukin neysla skili sér svo í aukinni landsframleiðslu og fjárfestingum.

Einnig að sýnt hafi verið fram á að ójöfnuður hamlar hagvexti og myndi launadrifinn hagvöxtur því draga úr ójöfnuði. Ræddi hann svo áhrif hækkana launa á neyslu, fjárfestingu, útflutning og samneyslu.

Lítill opin hagkerfi eru oft frekar hagnaðardrifin fremur en launadrifin. Ísland er hins vegar frekar lokað land. Með launahækkunum gætu fyrirtæki reynt að fá meira út úr starfsfólki – fólk getur lagt sig meira fram og aukið framleiðni með launahækkunum. Hvatalaun.

Fór Viðar þá yfir rannsóknir sem gerðar hafa verið um efnið. Nauðsynlegt er að átta sig á stöðu útflutningsgreinanna í þessu samhengi.

Ræddi Viðar þá næst launaþróun og verðbólgu í sambandi við gerð kjarasamninga. Skoðaði hann orsakir verðbólgu í kjölfar kjarasamninga árið 2011 og er niðurstaða hans sú að áhrif hækkana launa í kjarasamningum á verðbólgu séu stórlega ofmetnar og verði að líta frekar til veikingar á gengi og olíuverðs.

Umræður.

Að loknum umræðum var Viðari þakkað fyrir hans innlegg og vék hann þá næst af fundi.

3. Lagabreytingar

Rannveig, formaður laganeftndar VR, fór yfir á skjávarpa tillögur að lagabreytingum sem laganeftnd VR hefur unnið að undanfögnu. Verður það svo kynnt fyrir trúnaðarráði, eins og áður er getið, og unnið enn frekar eftir það ef þörf er á. Margt af þessu megi lýsa sem „tiltektir“.

Umræður.

4. Vinnudeilusjóður

Ólafía Björk ræddi drög að reglum um Vinnudeilusjóð VR sem voru til umræðu á síðasta stjórnarfundum og hafa nú verið til kynningar á skjalasvæði stjórnar síðan þá. Engar athugasemdir hafi borist henni um þessi drög og því ætli hún nú að bera þau upp til samþykktar.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk þessar tillögur að reglum um Vinnudeilusjóð VR upp til atkvæða.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Yfirlit yfir greiðslu styrkja úr Sjúkrasjóði VR fyrir árið 2014

Stefán fór yfir málið með upplýsingum á skjávarpa þ.e. tólf mánaða yfirlit sjúkrasjóðs. Mest fer í greiðslur vegna geðraskana og stoðkerfissjúkdóma. Aukning er á útgreiðslum frá mars 2014. Útgreiðslur eru alls um 766 milljónir kr. Hlutfall dagpeninga af iðgjöldum er 59.7% sem er lækkun frá árinu áður þar sem það var 61% þannig að hlutfallslega er að draga úr útgreiðslum. Fór Stefán svo yfir helstu tölur.

Fundi var slitið kl. 20:32
Árni Leósson fundarritari